



Sjálfsævisögur íslenskra kvenna  
Bókaskrá

Gunnur Inga Einarsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í bókasafns- og upplýsingafræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Sjálfævisögur íslenskra kvenna

*Bókaskrá*

Gunnur Inga Einarsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í bókasafns- og upplýsingafræði  
Leiðbeinandi: Áslaug Agnarsdóttir

Félags- og mannvísindadeild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í bókasafns- og upplýsingfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Gunnur Inga Einarsdóttir 2011

Reykjavík, Ísland 2011

## Útdráttur

Skráin er efnisskrá sem inniheldur sjálfsævisögur kvenna á Íslandi frá upphafi og til ársins 2010. Tilgangurinn með skránni er að gera aðgengi að sjálfsævisögum íslenskra kvenna betra fyrir almenning og aðra sem vilja skoða þessar bækur. Einnig að vekja athygli á þessum bókum. Í kaflanum *Hugmyndin að verkefninu* er fjallað um hvers vegna svona fáar konur hafi skrifað sjálfsævisögur. Í bókaskránni er aðalskrá, heimildaskrá, titlaskrá og skrá yfir störf kvennanna. Aðalskráin byrjar á bókfræðilegri færslu um bókina síðan er ítarleg umsögn um hana. Uppistaðan í heimildaskránni eru ritdómar og fleira um bókina sem nálgast var á timarit.is. Titlaskráin vísar í aðalskrána og einnig skráin um störf kvennanna. Niðurstaðan við vinnslu þessarar bókaskráar er að mjög fáar konur miðað við karla hafa skrifað sjálfsævisögur og hafa aðeins sjötíu og fimm sjálfsævisögur komið út frá upphafi til dagsins í dag. Ein skýringin er sú að í bændasamfélaginu áður fyrr voru konur svo störfum hlaðnar að þær höfðu ekki tíma til að sinna ritstörfum.

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	6
1 Hugmyndin að verkefninu.....	6
1.1 Hverjum er skráin ætluð.....	7
1.2 Stutt lýsing á efninu .....	7
2 Heimildaöflun .....	8
2.1 Hvar og hvernig .....	8
3 Uppbygging.....	10
3.1 Aðalskrá.....	10
3.1.1 Skráning.....	10
3.1.2 Umsögn.....	11
3.1.3 Heimildaskrá.....	11
3.1.4 Titlaskrá .....	12
3.1.5 Skrá yfir störf kvennanna .....	12
4 Lokaorð .....	13
Heimildir.....	14
Aðalskrá.....	15
Heimildaskrá.....	46
Titlaskrá .....	77
Skrá yfir störf kvennanna .....	81

## Formáli

Þetta verkefni er 12 eininga lokaverkefni í bóksafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands. Það var stór ákvörðun fyrir mig að fara í háskólanám fyrir þremur árum síðan þá orðin 53 ára gömul en ég sé ekki eftir því í dag. Námið hefur verið mjög skemmtilegt og lærdómsríkt en oft reynt á þolrifin. Ég hafði lengi átt þann draum að fara í háskólanám og var frábært að geta látið þann draum rætast. Ég ákvað að taka þjóðfræði sem aukagrein og var það afar áhugvert og skemmtilegt og það víkkaði sjóndeildarhring minn til muna en þetta verkefni tengist líka þjóðfræðinni.

Það hafa margir aðstoðað mig við að gerð þessarar bókaskráar. Ég var svo heppin að fá vinnu í sumarafleysingum á Borgarbókasafni Reykjavíkur tvö sumur meðan á náminu stóð og hefur starfsfólk Foldasafns verið afar hjálplegt við að aðstoða mig við að nálgast allar bækurnar. Sérstakar þakkir fær Ragnheiður María Adólfsdóttir fyrir yfirlestur á verkefninu. Ég þakka syni mínum Einari Má Hjartarsyni fyrir yfirlestur á ritgerðum og verkefnum alla mína háskólagöngu og einnig börnunum Oddgeiri Hjartarsyni og Fríðu Sóleyju Hjartardóttur fyrir þolinmæðina og hvatninguna síðastliðin þrjú ár. Að lokum þakka ég Áslaugu Agnarsdóttur leiðbeinanda mínum fyrir frábæra og vandaða leiðsögn.

Gunnur Inga Einarsdóttir

[gie4@hi.is](mailto:gie4@hi.is)

[gunnuringae@gmail.com](mailto:gunnuringae@gmail.com)

## Inngangur

Bókaskrá þessi er gerð sem lokaverkefni í bókasafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands. Skráin er efnisskrá sem inniheldur sjálfsævisögur kvenna á Íslandi frá upphafi og til ársins 2010. Hér á eftir verður fjallað um hugmyndina að verkefninu, hvernig það var unnið og hvernig skráin er byggð upp.

### 1 Hugmyndin að verkefninu

Hugmyndina að þessu verkefni fékk ég á námskeiði hjá Sigurði Gylfa Magnússyni sagnfræðingi þar sem hann fjallaði meðal annars um sjálfsævisögur. Þar kom fram að konur höfðu ekki skrifað mikið af sjálfsævisögum hér áður fyrr, það voru aðallega karlarnir sem skrifuðu sjálfsævisögur. Á þessu námskeiði greindi ég sjálfsævisögu Jakobínu Sigurðardóttur *Í barndómi* og fannst hún svo áhugaverð og skemmtilega skrifuð að þá kviknaði hugmyndin að verkefninu.

Í bókinni *Sjálfsögur* eftir Sigurð Gylfa Magnússon segir hann að í fyrstu hafi Jakobína ætlað að skrifa þjóðháttalýsingu frá æskulóðum sínum en hún ákveður að stíga sjálf inn í frásögnina og skrifa söguna í fyrstu persónu og með því brýst hún undan því hefðbundna tjáningarformi sem viðgengist hafði í sjálfsævisögum kvenna.<sup>1</sup> Hefðin var sú að karlmenn sögðu sínar sjálfsævisögur í fyrstu persónu en ekki konur. Það sem virðist hafa hamlað tjáningu kvenna var valdastaða karla í samfélaginu.<sup>2</sup> Einnig kemur fram í *Sjálfsögum* Sigurðar Gylfa að áður fyrr voru konur oft meðhöndlaðar í sínum hjónaböndum sem óruggar mannverur sem biðjast afsökunar á því að vera til.<sup>3</sup>

Í bók Ragnhildar Richter *Lafað í röndinni á mannfélaginu* koma fram hugmyndir frá ýmsum fræðimönnum um það hvers vegna konur skrifuðu svona fáar sjálfsævisögur og komast þeir að þeirri niðurstöðu að í fyrsta lagi séu sjálfsævisögur kvenna léttvægar fundnar í ríkjandi menningu af því að þær fjalli um ævi kvenna og hafi þar af leiðandi lítið menningarlegt gildi og í öðru lagi að fjarvera

<sup>1</sup> Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfsögur*, bls. 253

<sup>2</sup> Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfsögur*, bls. 253

<sup>3</sup> Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfsögur*, bls. 243

sjálfsævisagna eftir konur í rannsóknarsögu bókmenntagreinarnar og neikvætt mat gagnrýnenda á þeim sé í takt við viðhorf manna á öllum tímum til ritstarfa kvenna.<sup>4</sup>

Skrá Moniku Magnúsdóttur sem fylgir sem viðauki í bók Sigurðar Gylfa Magnússonar *Fortíðardraumar*<sup>5</sup> er eina skráin sem til er um sjálfsævisögur og nær hún til ársins 2004. Kemst hún næst því að ná yfir allar útgefnar sjálfsævisögur í bókaformi frá upphafi til ársins 2004. Sú skrá er ekki fullnægjandi og engin skrá er til um sjálfsævisögur íslenskra kvenna. Mig langaði að gera aðgengi betra að sjálfsævisögum íslenskra kvenna.

### **1.1 Hverjum er skráin ætluð**

Skráin nýtist bókasöfnum sem lána út sjálfsævisögur kvenna, fræðimönnum sem eru að skrifa um ákveðið efni eða ákveðinn einstakling og öllum þeim sem hafa áhuga á að lesa sjálfsævisögur íslenskra kvenna.

### **1.2 Stutt lýsing á efninu**

Munur á sjálfsævisögum og ævisögum er að í sjálfsævisögum skrifar höfundur um sjálfan sig en í ævisögum skrifar höfundur um aðalpersónuna ýmist í samráði við hana eða án samráðs við hana. Í þessari bókaskrá um sjálfsævisögur íslenskra kvenna eru eingöngu teknar heilar bækur en ekki styttri kaflar eða sjálfsæviþættir. Sumar sjálfsævisögurnar hafa komið út eftir að höfundur er látinn og þá hefur höfundur verið búin að skrifa sjálfsævisöguna og annar aðili tekið hana saman og komið henni í útgáfu.

---

<sup>4</sup> Ragnhildur Richter, *Lafað í röndinni á mannfélaginu*, bls. 14, 15

<sup>5</sup> Sigurður Gylfi Magnússon, *Fortíðardraumar*, bls. 359-381



## 2 Heimildaöflun

### 2.1 Hvar og hvernig

Þá er það spurningin hvar þessar bækur er að finna. Markmiðið var að gera altæka skrá um sjálfsævisögur kvenna frá upphafi og þurfti því að vanda vel til leitarinnar. Sumarið 2010 var höfundur í sumarafleysingum í Foldasafni og hafði aðgang að Gegni, samskrá íslenskra bókasafna, sem starfsfólk bókasafnanna notar en þar er hægt að framkvæma nákvæmari leit en í Gegni fyrir almenning. Fyrst var reynt að nota leitarorðin: **sjálfsævisögur, konur, á íslensku (ice)**. Þessi leit reyndist alltof víð og komu allar þýddar bækur upp líka.

Síða var þessi leit notuð í Gegni en hún var framkvæmd svona:

**Öll leitarvið:** sjálfsævisögur, konur, ice, bb?aa

**Öll leitarvið:** Not þýddar

**Öll leitarvið:** Not þýddi

Við framkvæmd á þessari leit komu út 78 bækur, síðan var þessi leit þrengd svona:

**Þrengja/víkka:** Not þýðing

Við framkvæmd á þessari leit komu út 72 bækur. Kom í ljós að við þessa leit komu sumar bækur tvisvar fyrir og ein og ein þýðing slæddist með. Var farið vandlega yfir listann og teknar út þær bækur sem ekki áttu heima þarna, síðan voru þessi listi og skráin í Fortíðardraumum Sigurðar Gylfa samræmdar. Að lokum var framkvæmd leit svona:

**Öll leitarvið:** ævisögur, konur, ice, bb?aa

**Öll leitarvið:** Not þýddar

**Öll leitarvið:** Not þýddi

Síðan var þessi leit þrengd svona:

**Þrengja/víkka:** Not þýðing

Listanum var raðað eftir ártölum og listi prentaður út fyrir árin 2003-2010. Síðan var þessi listi og fyrri listinn samræmdir og við þá samræmingu komu út 75 sjálfsævisögur íslenskra kvenna frá upphafi til ársins 2010 og var sá listi endanlegur.

Á þessu sést að það voru ekki margar konur miðað við karla sem skrifuðu sjálfsævisögur hér áður fyrr en í dag er meira jafnræði á milli kynjanna í ritun á sjálfsævisögum.

Allar bækurnar voru teknar að láni hjá Borgarbókasafni Reykjavíkur, bókasafni Seltjarnarness og Landsbókasafni Íslands Háskólasafni á tímabilinu janúar – apríl 2011. Ekki fannst hvenær eða hvort sumir höfundar eru látnir. Leitað var í Gegni, í minningargreinum á mbl.is og á vefsíðunni timarit.is og bar sú leit engan árangur. Höfundarnir eru: *Katrín Ólafsdóttir Mixa og Nadezda Sigurðsson*. Ekki fannst í þessum leitum hvenær *Grete Linck Grønbech* var fædd. Engar heimildir fundust á timarit.is um eftirtaldar bækur: *Hús og fólk* eftir Guðrúnu Guðjónsdóttur, *Blikandi fjarlægð: Minningar* eftir Stefaníu Sigurðardóttur, *Árblik minninganna* eftir Jónu Sigurbjörgu Gísladóttur, *Ég skal vera dugleg* eftir Lovísu Maríu Sigurgeirsdóttur og *Loksins sexbomba á sextugsaldri* eftir Helgu Thorberg.

### 3 Uppbygging

Til að átta sig betur á uppbyggingu bókaskráa var skoðuð BA-ritgerðin *Bókaskrá yfir ævisögur gefnar út á íslensku á árunum 2000-2004*.<sup>6</sup> Þessi skrá um sjálfsævisögur íslenskra kvenna raðast upp í eina aðalskrá og þrjár hjálparskrár. Hjálparskrárnar eru: Heimildaskrá, titlaskrá og skrá yfir atvinnu kvennanna sem skrifuðu sjálfsævisögur. Öllum skránum er raðað í stafrófsröð.

#### 3.1 Aðalskrá

Aðalskráin raðast í stafrófsröð eftir höfundum til dæmis Guðný Jónsdóttir frá Galtará. Ef það eru fleiri en ein bók eftir sama höfund er þeim síðan raðað upp í tímaröð eftir útgáfu bókar. Hverri færslu er svo gefið númer eftir stafrófsröðinni. Elsta bókin sem er í skránni er bókin *Frá myrkri til ljóss: Ævisaga* eftir Ólafíu Jóhannsdóttur er frá 1925 og yngsta bókin er *Loksins sexbomba á sextugsaldri* eftir Helgu Thorberg sem er frá árinu 2010.

##### 3.1.1 Skráning

Við skráningu á bókfræðilegu færslunum var farið eftir bókinni *Gagnfræðakver handa háskólanemum fjórða útgáfa*<sup>7</sup> varðandi uppsetningu. Upplýsingum um blaðsíðufjölda bókarinnar og myndir og teikningar í bókinni var bætt við færsluna.

#### Sýnishorn af færslu:

Höfundur (útgáfuár). Titill: undirtitill: annar undirtitill. *Bls., myndir, teikningar.* (Annað). Útgáfustaður: Forlag.

#### Umsögn:

##### 1.

Guðný Jónsdóttir frá Galtafelli. (1973). *Bernskudagar, 120 bls., myndir, teikningar.* Reykjavík: Helgafell.

---

<sup>6</sup> Magnhildur Magnúsdóttir, 2006.

<sup>7</sup> Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson, 2002.

### 3.1.2 Umsögn

Umsögn byrjar ávallt á fæðingardeggi og dánardegi höfundar. Umsögn er mjög ítarleg um efni hvernar bókar og kemur fram í henni hvaða skrár eru í bókinni og hvort efnisyfirlit sé í bókinni. Heimildir sem notaðar voru við skráningu voru aðallega bækurnar sjálfar og Gegnir.

#### Sýnishorn af umsögn:

Guðný Jónsdóttir var fædd árið 1878 og lést árið 1975. Þegar Guðný skrifaði þessa bók var hún orðin níutíu og fimm ára gömul. Í bókinni eru bernskuminningar frá heimili hennar að Galtalæk en það var mikið menningarheimili. Hún segir frá hífýlum og umhverfi Galtafells og frá leikföngum barna á þessum tíma. Í bókinni eru kaflar um bræður hennar hvern fyrir sig en þeir voru Einar Jónsson myndhöggvari, Bjarni Jónsson forstjóri Nýja Bíós og Jakob Jónsson sem var elstur þeirra systkina. Einnig er kafli um foreldra hennar. Guðný segir meðal annars frá jólum, kvöldvökum, Jónsmessuferð, réttum og frá ferð í Þjórsárdalinn. Í bókinni er mynd af málverki eftir Einar Jónsson bróður Guðnýjar af gamla bænum á Galtafelli.

#### Sýnishorn af heildarfærslu:

1. Guðný Jónsdóttir frá Galtafelli. (1973). *Bernskudagar, 120 bls., myndir, teikningar*. Reykjavík: Helgafell.

Guðný Jónsdóttir var fædd árið 1878 og lést árið 1975. Þegar Guðný skrifaði þessa bók var hún orðin níutíu og fimm ára gömul. Í bókinni eru bernskuminningar frá heimili hennar að Galtalæk en það var mikið menningarheimili. Hún segir frá hífýlum og umhverfi Galtafells og frá leikföngum barna á þessum tíma. Í bókinni eru kaflar um bræður hennar hvern fyrir sig en þeir voru Einar Jónsson myndhöggvari, Bjarni Jónsson forstjóri Nýja Bíós og Jakob Jónsson sem var elstur þeirra systkina. Einnig er kafli um foreldra hennar. Guðný segir meðal annars frá jólum, kvöldvökum, Jónsmessuferð, réttum og frá ferð í Þjórsárdalinn. Í bókinni er mynd af málverki eftir Einar Jónsson bróður Guðnýjar af gamla bænum á Galtafelli.

### 3.1.3 Heimildaskrá

Heimildaskrá er raðað í stafrófsröð eftir höfundum. Heimildir í skrána voru fengnar á timarit.is og mbl.is. Við uppsetningu skráarinnar var farið eftir fjórðu útgáfu Gagnfræðakvers (2007) handa háskólanemum. Upplýsingar í heimildaskránni um

einstaka blaðamenn sem voru með skammstafanir og e-mail adressur sem undirskrift í blaðagreinum eða blaðafréttum voru fengnar hjá Arndísi Þorgeirsdóttur á Fréttablaðinu og Sigtryggi Sigtryggssyni á Morgunblaðinu.

#### **3.1.4 Titlaskrá**

Titlaskrá er raðað eftir stafrófsröð og er vísað í aðalskrá.

#### **3.1.5 Skrá yfir störf kvennanna**

Í þessari skrá er raðað í stafrófsröð eftir störfunum og er vísað í aðalskrá.

## 4 Lokaorð

Það var mjög áhugavert og skemmtilegt að gera þessa skrá um sjálfsævisögur íslenskra kvenna. Við það hefur áhugi minn á að lesa þessar bækur kviknað til að sjá hvernig líf kynsystra minna var háttað áður fyrr. Við gerð þessarar skráar kom í ljós að á nítjándu öld voru engar konur sem skrifuðu sjálfsævisögur og það var ekki fyrr en árið 1925 sem fyrsta sjálfsævisagan eftir konu kom út. Margar þessara kvenna voru orðnar mjög fullorðnar þegar þær skrifuðu sögur sínar og er ein skýringin sú að þá höfðu þær loksins tíma til þess. Markmiðið með þessari skrá er að almenningur hafi aðgang að upplýsingum um líf og störf þessara kvenna.

## Heimildir

- Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson. (2007). *Gagnfræðakver handa háskólanemum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigurður Gylfi Magnússon (höfundur), Guðmundur Hálfðánarson (gestarítstjóri). (2004). *Fortíðardraumar: Sjálfsbókmenntir á Íslandi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigurður Gylfi Magnússon (höfundur), Soffía Auður Birgisdóttir (gestarítstjóri). (2005). *Sjálfsögur: Minningar, minni og saga*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ragnhildur Richter (1997). *Lafað í röndinni á mannfélaginu: Um sjálfsævisögur kvenna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gegnir, samskrá íslenskra bókasafna. Sótt á tímabilinu janúar – mars 2011 af <http://www.gegnir.is/>
- Magnhildur Magnúsdóttir. (2006). *Bókaskrá yfir ævisögur gefnar út á íslensku á árunum 2000-2004*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félags- og mannvísindadeild.
- Guðrún Birna Guðmundsdóttir. (2010). *VR blaðið: Efnisskrá 1995-1997*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félags- og mannvísindadeild
- Timarit.is. (2000-2011). Landsbókasafn Íslands – Háskólasafn. Slóð <http://timarit.is/>
- mbl.is. (2011). Slóð <http://mbl.is/frettir/>

## Aðalskrá

1. Alda Sveinsdóttir (2008). *Kona í forgrunn: Vegferð í lífi og list, 100 bls., myndir*. Reykjavík: Alda Ármanna.

Alda Sveinsdóttir fæddist árið 1936 að Barðsnesi við Norðfjörð. Höfundur bókarinnar er myndlistamaður og kennari en í þessari bók segir Alda aðallega frá lífi sínu og fjallar bæði um myndlistina og kennsluna. Í fyrsta kafla bókarinnar segir hún frá tilurð nafnsins Ármanna en hún hét fullu nafni Alda Ármanna Sveinsdóttir. Áður en Alda kom í heiminn var tvisvar vitjað nafns hjá foreldrum hennar í draumi og var það Ármann fyrri ábúandi að Barðsnesi sem drukknaði í brimlendum við Barðsnes. Höfundur segir meðal annars frá skólagöngu sinni, dauða föður síns, þegar hún stofnaði fjölskyldu, kennslu í sérskólum og vinnu á geðdeild barna. Í sambandi við myndlistina segir hún frá myndlistafélaginu í Neskaupstað, myndlist fatlaðra, samstarfi við myndlistamenn og frá kvennaþinginu Nordisk Forum. Aftast í bókinni er verkaskrá, skrá yfir einkasýningar og samsýningar, skrá um verk í opinberri eigu og skrá um námsferil. Einnig prýða bókina myndir eftir Öldu. Efnisyfirlit er í bókinni.

2. Anna Borg (1965). *Endurminningar og bréf með skýringum eftir Paul Reumert, 128 bls., myndir (Árni Guðnason þýddi)*. Reykjavík: Skuggsjá.

Anna Borg var fædd árið 1903. Í bókinni eru bréf Önnu Borg sem hún skrifaði frá Danmörku til Íslands og eru það aðallega bréf sem Anna skrifaði föður sínum. Paul Reumert eiginmaður Önnu Borg tók saman efnið í bókina eftir að Anna var látin. Hann skrifar formála og eftirmála og einnig stuttar greinar sem eru felldar inn í bókina til skýringar og gefa gleggri mynd af persónunni Önnu Borg. Bókin kom upphaflega út á dönsku árið 1964 og er titill hennar á frummáli *Anna Borgs erindringer*. Í bókinni kemur fram að Anna var sterkur persónuleiki, lítillát en metnaðarfull leikkona og hún vann hvern leiksigurinn á fætur öðrum. Hún varð ein virtasta leikkona Danmerkur og Norðurlanda. Paul Reumert eiginmaður Önnu var danskur og mikils metinn leikari í Danmörku og áttu þau tvo syni. Anna Borg lét



lífið í flugslysi árið 1963 langt fyrir aldur fram. Þegar bókin kom út fékk hún mjög góða dóma á Íslandi og í Danmörku.

3. Anna frá Moldnúpi (duln. f. Önnu Jónsdóttur). (1950). *Fjósakona fer út í heim, 456 bls.* Reykjavík: Höfundur.

Anna frá Moldnúpi var fædd árið 1901 og lést árið 1979. Þessi bók Önnu frá Moldnúpi var gefin út árið 1950 og er ein þekktasta bók hennar og var hún þýdd á ensku árið 2010 undir titlinum *A dairymaid travels the world*. Anna frá Moldnúpi var mikil ferðakona. Hún ferðaðist um Ísland, Evrópu og Ameríku og skrifaði bækur um ferðalög sín. Þessi bók var sú fyrsta sem hún ritaði og segir frá fyrstu ferðalögum hennar. Hún byrjar á að fara hringferð um Ísland árið 1946 með skipi á tíu dögum. Síðan fór hún árið eftir með skipi til Danmerkur og dvaldi þar nokkra mánuði. Að lokum fór hún árið 1948 til Englands og meginlands Evrópu og dvaldi þar einnig í nokkra mánuði. Í ritdómi eftir Helga Sæmundsson í *Alþýðublaðinu* árið 1950 segir hann að Anna skrifi á lipru máli, segi mjög skemmtilega frá og að frásagnargleði hennar sé mikil. Í bókinni er efnisyfirlit.

4. Anna frá Moldnúpi (duln. f. Önnu Jónsdóttur). (1952). *Förukona í París, 179 bls., myndir.* Reykjavík: Höfundur.

Í viðtali í Morgunblaðinu árið 1998 við Sigbrúði Gunnarsdóttur segir hún að Anna líkt og margar konur afsaki sig í bókinni fyrir að vera að skrifa um sjálfan sig. Það er eins og þessar konur sem eru á jaðri samfélagsins finnast þær sjálfar ekki nógu áhugaverðar til að þess að fjallað sé um þær. Í formála bókarinnar eftir Önnu sjálfa kemur fram að tilgangur hennar með bókaútgáfum þessum sé að veita alþýðukonum, eins og henni, sem hafi aldrei haft tæk á því að ferðast erlendis innsýn í ferðalög hennar til fjarlæggra landa. Einnig að Anna hafði orðið vör við að fyrri bókin hafi náð tilgangi sínum og þess vegna hún réðist hún í að skrifa þessa bók. Í þessari bók fær Anna heimboð frá gömlum heiðursvinkonum sínum suður á hina Hvíteyju Englands. Þaðan fer hún til Parísar þar sem hún skoðar söfn og kirkjur. Þetta var í annað skiptið sem hún kom til Parísar og í þetta skiptið dvaldi hún þar í fimm vikur.

5. Anna frá Moldnúpi (duln. f. Önnu Jónsdóttur). (1954). *Ást og demantar: Ferðasaga um meginlandið til Bretlands 1951: Litla stúlkan frá hrunda húsinu, kafli úr Parísarferð 1952, 186 bls., myndir*. Reykjavík: Höfundur.

Í formála bókarinnar sem Anna skrifar kemur fram að þetta verði síðasta bókin sem hún ætli að skrifa en raunin varð önnur því hún átti eftir að skrifa tvær ferðabækur til viðbótar. Þetta er ferðasaga Önnu um Bretland árið 1951 og kafli úr Parísarferð hennar árið 1952 fylgir. Anna tók á sig krók og kom við í Kaupmannahöfn en þá var hún að efna loforð við systur sína um að hún skyldi sýna henni þennan forna höfuðstað Íslands. Hún segir frá spaugilegum samskiptum sínum við Jón Helgason prófessor í Árnasafni í Kaupmannahöfn. Þar há þau einvígi út af Guðspjöllunum sem endar á því að Anna rekur sjálfan prófessorinn á gat.

6. Anna frá Moldnúpi (duln. f. Önnu Jónsdóttur). (1961). *Ég kveikti á kerti mínu: Ferðaþættir frá Ítalíu, 308 bls.* Reykjavík: Höfundur.

Í þessari bók segir Anna frá ferðalagi sínu til Ítalíu þar sem hún heimsótti borgina eilífu Róm og marga merka staði aðra. Hún fór í Vatíkanið á fund páfa. Anna gekk á Via Appia Antica og skoðaði ýmsar smærri kirkjur í Róm. Einnig gerði hún sér ferð til Napólí. Í Alþýðublaðinu árið 1961 gagnrýnir Sigurður Einarsson í Holti Önnu fyrir að nota útlenskar slettur í skrifum sínum. Einnig finnst honum að henni hafi ekki farið fram í frásagnarlistinni og segir að prófarkalestur og réttitun sé ábótavant. Samt sem áður segir hann að fólk muni trúlega hafa gaman af að lesa bókina og að í henni sé heilmikill fróðleikur. Einnig kemur fram hjá Sigurði að Anna taki sérstaklega vel eftir öllu sem á vegi hennar verður. Í bókinni er efnisyfirlit.

7. Anna frá Moldnúpi (duln. f. Önnu Jónsdóttur). (1970). *Tvennar tíðir, 153 bls.* Reykjavík: Höfundur.

Þetta er sjötta bók Önnu frá Moldnúpi með ferðaþáttum innanlands og utan. Bókin byrjar á mjög fallegum vísum sem heita *Tvennar tíðir* eftir Önnu þar sem hún fer yfir ævi sína og lítur til baka með æðruleysi og segist sátt við það að verða gömul.

Anna hafði lengi haft þann draum að ganga á Helgafell á Vesturlandi og í þessari bók segir hún frá því hvernig hún lét þann draum rætast. Síðan liggur leið hennar til Ameríku og þar segir hún frá skemmtilegum upplifunum. Þessi bók varð síðasta ferðabók Önnu frá Moldnúpi.

8. Arnfríður Sigurgeirsdóttir. (1952). *Séð að heiman: Ævisögubættir, minni og ljóð*, 219 bls. Akureyri: Bókaútgáfan Norðri.

Arnfríður Sigurgeirsdóttir frá Skútustöðum í Þingeyjarsýslu var fædd árið 1880 og lést árið 1954. Bókin skiptist í formála, ævisögur og þætti, ljóð og eftirmála. Arnfríður tileinkar eiginmanni sínum Þorláki Jónssyni frá Helluvaði bókina. Í formála segir hún að fleiri og fleiri Íslendingar séu farnir að fljúga út í heim og gista fjarlægur álfur. Hún spyr hvað sé í hættu í íslenskri menningu þegar erlendra áhrifa gæti? Og hvað sjáist að heiman? Arnfríður segir að bókin svari þessum spurningum. Í formála skrifar Karl Kristjánsson um Arnfríði og verk hennar.

Í bókinni byrjar Arnfríður á að fjalla um bernsku sína og rekur síðan ættir fólks. Sá kafli heitir „Ævisögubættir og minni“. Eftir það koma ljóðin hennar og skiptir hún þeim í þrjá flokka eftir tímabilum. Hér eru eftirmála ljóð um eiginmann hennar, son og vini, einnig ljóð um árstíðirnar, náttúru Íslands, vögguljóð og fleira. Í eftirmála þakkar hún öllum sem studdu hana og hvöttu við útgáfu bókarinnar. Hún afsakar þetta *ófullkomna verk* eins og hún kallar bók sína. Einnig segist hún skrifa og semja ljóð sér til hugarléttis en ekki til að verða fræg. Í bókinni eru tvær myndir önnur af henni við skriftir og hin af eiginmanni hennar.

9. Arnheiður Sigurðardóttir. (1997). *Mærin á menntabraut: Skyggst um öxl: Endurminningar*, 256 bls., myndir. Reykjavík: Fjölva útgáfa.

Arnheiður Sigurðardóttir var fædd árið 1921 og lést árið 2001. Hún var fyrsta konan með meistarapróf í íslenskum fræðum. Arnheiður þykir hafa verið mjög góður þýðandi. Hún þýddi meðal annars höfundu eins og Karen Blixen og Sigrid Undset. Í bókinni lýsir hún ævi sinni sem fátæk stúlka að norðan sem hafði yndi af skáldskap og bókmenntum.

Hún kynntist Halldóri Laxness og hann sagði henni að hún væri fyrirmynd hans að Uglu í Atómstöðinni. Á miðjum aldri varð hún alvarlega veik og missti andlegt jafnvægi. Eftir það var gengið framhjá henni í samfélaginu og hún skilin eftir í fátækt. Í bókinni er ritaskrá Arnheiðar sem inniheldur frumsamdar ritgerðir, fyrirlestra, upplestra og fleira. Einnig er nafnaskrá í bókinni. Bókinni er skipt upp í þætti en ekki kafla og er efnisyfirlit í bókinni.

10. Bríet Héðinsdóttir. (1988). *Strá í hreiðrið: Bók um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur byggð á bréfum hennar, 350 bls., myndir*. Reykjavík: Svart á hvítu.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir var fædd árið 1856 og lést árið 1940. Bókin er byggð upp á bréfum hennar og manns hennar, Valdimars Ásmundssonar ritstjóra, og svo barna þeirra Héðins og Laufeyjar. Sonardóttir Bríetar og nafna valdi úr bréfunum og bjó þau til prentunar. Bókin fjallar um ævi kvenréttindakonunnar Bríetar frá barnæsku til loka. Þetta er einnig saga íslenskrar kvennahreyfingar fram yfir 1930 og segja má að bókin sé blanda af sagnfræði og fagurbókmenntum. Frásögn Bríetar er lifandi túlkun á persónum og atburðum liðinna tíma.

Í Morgunblaðinu árið 1988 segir Erlendur Jónsson að bókin sé fjölskyldusaga þó hún lýsi vel baráttukonunni Bríeti Bjarnhéðinsdóttur. Hann segir einnig að nafnið á fyrsta kafla bókarinnar *Fortíðin í ruslapoka* lýsi vel hve lítil rækt var lögð við minningu ömmu Bríetar Héðinsdóttur. Í síðasta kaflanum *Amma* lýsir Bríet Héðinsdóttir hvernig hún man eftir baráttukonunni ömmu sinni. Í bókinni er efnisyfirlit, heimildaskrá, athugasemdir og skýringar og nafnaskrá.

11. Bryndís Schram. (2008). *Í sól og skugga, 326 bls., myndir*. Reykjavík: JPV útgáfa .

Bryndís Schram er fædd árið 1938. Í formála segir að hún hafi alltaf haft þörf fyrir að skrifa og að þessi sjálfsævisaga spanni ævi hennar eftir fimmtugt og að hún skrifi um það sem fyrir augu hennar hafi borðið á þessum besta kafla ævi hennar. Í bókinni fjallar Bryndís um ævi sína sem ballerína, fegurðardrottning, leikkona, lífskúntner, blaðamaður og ritstjóri. Í fyrri hluta bókarinnar segir Bryndís frá því hvernig hún upplifði tilgerðalegar veislur ríka fólksins þegar hún var sendiherrafrú í Washington. Síðan frá dvöl sinni í Finnlandi og hvað Finnar eru ólíkir

Bandaríkjamönnum. Bókin endar á að lýsa dvöl hennar og fjölskyldu hennar í Andalúsíu á Spáni. Hún hefur flakkað heimshorna á milli sem eiginkona eins umdeildasta stjórnámamanns þjóðarinnar Jóns Baldvins Hannibalssonar og verið í hringiðju stjórn mála heima og erlendis. Bryndís lýsir iðandi mannlífi í Bandaríkjunum, Kanada, Suður-Ameríku, Finnlandi, Eystrasaltslöndunum, Suður-Evrópu og Andalúsíu en þar lauk hún við að skrifa þessa bók. Í bókinni er efnisyfirlit og nafnaskrá.

12. Brynja Benediktsdóttir. (1994). *Brynja og Erlingur fyrir opnum tjöldum: Brynja Benediktsdóttir, Erlingur Gíslason, Ingunn Þóra Magnúsdóttir, 287 bls., myndir*. Reykjavík: Mál og menning.

Brynja Benediktsdóttir var fædd árið 1938 og lést árið 2008. Erlingur Gíslason var fæddur árið 1933. Brynja Benediktsdóttir og Erlingur Gíslason voru svipmiklar persónur um áratuga skeið, og störfuðu bæði sem leikarar og leikstjórar. Þau skrifuðu bókina í samvinnu við Ingunni Þóru Magnúsdóttur. Eins og titillinn gefur til kynna eru þau opinská í bókinni. Þau segja frá Ínúk ævintýrinu, leikfélaginu Grímu og frá sigrum og ósigrum jafnt í leikhúsinu sem í einkalífi. Sagt er frá uppfærslu á Hárinu, kynni af Dario Fo og Vaclav Havel og mörgum samtíðarmönnum. Einnig segja þau frá viðburðaríku lífi sínu utan leikhússins. Brynja og Erlingur byrja á að segja frá æsku sinni að góðum og gegnum íslenskum sið. Í bókinni kemst vel til skila hvað þau eru ólíkar persónur og ólíkir listamenn. Í bókinni er efnisyfirlit, verkefnaskrá, nafnaskrá og leiksýningaskrá.

13. Elín Pálmadóttir. (2003). *Eins og ég man það, 431 bls., myndir*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.

Elín Pálmadóttir var fædd árið 1927. Í formála þessarar bókar segir Elín Pálmadóttir að í bókinni sé ekki nema brot af þeim hafsþjó minninga sem koma fram í huga hennar en æviskeið hennar spanni þrjá fjórðu af nýliðinni öld. Í bókinni segir Elín frá Skuggahverfinu í Reykjavík þar sem hún ólst upp í. Ung fékk hún tækifæri til að starfa með Sameinuðu þjóðunum í New York í árdaga samtakanna. Í New York upplifði hún það að drekka te með fyrrum forsetafrú Bandaríkjanna. Elín bjó í París á sjötta áratugnum og kynntist frönsku listalífi með Gerði Helgadóttur

myndhöggvara. Hún byrjaði að starfa við blaðamennsku á Vikunni og þar lenti hún í slagtogi með heimspressunni í kynnisferð fyrir blaðamenn sem Nato stóð fyrir til Danmerkur og Noregs. Lengst af var Elín blaðamaður á Morgunblaðinu þar sem hún lenti í ýmsum svaðilförum við fréttaoöflun bæði innanlands og erlendis. Meðal annars gisti Elín flóttamannaeyju í Asíu og varð bensínlaus í afskekktum skógi í Afríku. Hún segir frá reynslu sinni í pólitíkinni á Íslandi. Í bókinni er efnisyfirlit og myndahöfundaskrá.

14. Erla Bolladóttir. (2008). *Erla, góða Erla, 437 bls., myndir*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.

Þessi bók er sjálfsævisaga Erlu Bolladóttir og uppgjör hennar við fyrra líferni. Höfundur segir frá uppvexti sínum, bakgrunni og aðdragandann að aðild hennar að Guðmundar og Geirfinnsmálinu sem er óupplýst sakamál frá 1978. Hún segir frá því hvernig hún ánetjaðist fíkniefnum eftir langa dvöl í fangelsi og síðan hvernig hún öðlaðist frið í trúnni, hjálparstörfum og maraþonhlaupum. Bókina tileinkar Erla dætrum sínum þremur þar sem hún segir: „Ég á mér þá ósk að þeirra bíði samfélag sem beri gæfu til að þroska með sér skilning á merkingu hugtaksins réttlæti.“

15. Eufemia Waage. (1949). *Lifað og leikið: Minningar, 239 bls., myndir og teikningar*. Reykjavík: Bókfellsútgáfan h.f.

Eufemia Waage var fædd árið 1881 og lést árið 1960. Hún var dóttir Indriða Einarssonar. Eufemia segir frá bernskuárum sínum og lýsir miðbæ Reykjavíkur á þeim slóðum þar sem hún fæddist. Í bókinni kemur hún víða við, til dæmis segir hún frá embættismönnum og öðrum þekktum mönnum, skemmtunum Reykvíkinga fyrir aldamótin, störfum pabba síns í þágu leiklistar og bindindis, aldamótunum og konungskomunni árið 1907. Hún segir frá sínum fyrstu hjúskaparárum en Eufemia var gift Jens Waage. Eins talar hún um leiklistina í lífi sínu og fjallar um frostaveturinn mikla árið 1918, Kötlugosið og Spænsku veikina. Í bókinni er efnisyfirlit.

16. Eva Hjálmarsdóttir. (1948). *Paradís bernsku minnar og fleiri sögur*, 169 bls., myndir. Akureyri: Bókaútgáfan Norðri.

Eva Hjálmarsdóttir var fædd árið 1905 og lést árið 1962. Bókin *Paradís bernsku minnar og fleiri sögur* er barnabók og þar segir Eva frá bernsku sinni austur í Loðmundarfirði. Eva helgar minningu Laufeyjar systur sinnar þessa bók. Eva segir frá því í formála að hún hafði lesið ævisögu Friðrik Friðrikssonar og uppgötvað að hún hafi séð hann sem „sýn“ í gömlu stofunni heima. Hún segir frá hestunum á bænum sínum og minnst Laufeyjar systur sinnar. Síðan segir hún frá Símoni Dalaskáldi og jólnunum hans Leifs litla. Í formála segir Eva að kaflarnir *Ráðskona Malakoffs* og *Í fyrsta skipti* hafi átt að gerast árið 1912 en þá er hún að blanda gömlum ævintýrum inn í endurminningar sínar. Í bókinni eru þulur, kvæði, gátur og leikir sem amma hennar kenndi henni. Bókin er með efnisyfirliti.

17. Franzisca Gunnarsdóttir. (1987). *Vandratað í veröldinni*, 138 bls. Reykjavík: Vaka-Helgafell.

Franzisca Gunnarsdóttir var fæddi árið 1942 og lést árið 2004. Franzisca Gunnarsdóttir var dóttir Gunnars Gunnarssonar skálds og í þessari bók fjallar hún um æskuárin hjá Gunnari afa sínum og Franziscu ömmu sinni á Skriðuklaustri í Fljótsdal í Múlasýslu en þar bjó Franzisca með foreldrum sínum. Í bókinni segir hún meðal annars frá Lagarfljótsorminum, fólkinu sínu í móðurætt og haustréttum. Í fréttatilkynningu í Morgunblaðinu árið 1989 þar sem sagt er frá útkomu bókarinnar í Svíþjóð segist Franzisca hafa skrifað bókina fyrir son sinn Gunnar Björn Gunnarsson því hún vildi koma til hans þeim þáttum sem höfðu mótað lífsviðhorf hennar. Lesendur sjá Gunnar Gunnarsson rithöfund í nýju ljósi í bókinni. Bókin kom einnig út í Svíþjóð árið 1990 undir titlinum *Havregrot och livslyca: barndom på sagön*. Á bókarkápu er mynd af Franziscu lítilli ásamt foreldrum hennar og af Gunnari Gunnarsyni afa hennar. Í bókinni er efnisyfirlit.

18. Freyja Haraldsdóttir. (2007). *Postulín*, 246 bls., myndir. Reykjavík: Salka.

Freyja Haraldsdóttir fæddist árið 1986. Í þessari bók segir Freyja sem er fjölfötluð ung kona frá því hvernig er hægt að setta sig við þessa miklu fötlun og hverju er

hægt að áorka ef ákveðni og jákvæð hugsun er til staðar. Hún fæddist með alvarlegan genagalla sem veldur beinstökkva og eru beinin brothætt eins og postulín. Hún segir meðal annars í bókinni að hún sé manneskja en ekki fötlun. Alma Guðmundsdóttir stuðningsfulltrúi Freyju aðstoðaði hana við að skrifa bókina og hún skrifar einnig eftirmála í bókina.

19. Grønbech, Grete Linck. (1979). *Árin okkar Gunnlaugs, 199 bls., myndir, teikningar*. (Jóhanna Þráinsdóttir þýddi). Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Grete Linck Grøbech lést árið 1992. Í bókinni segir Grete, sem var danskur listmálari, frá því hvernig hún kynntist eiginmanni sínum Gunnlaugi Scheving listmálara í Hinni konunglegu listaakademíu í Kaupmannahöfn þar sem þau voru við nám á árunum 1928-1931. Þau fluttust til Íslands og settust að á Seyðisfirði, heimabæ Gunnlaugs, þar sem þau unnu að list sinni til ársins 1936 að þau fluttu til Reykjavíkur. Í fyrstu köflum bókarinnar lýsir Grete lífinu í listaakademíunni. En meginhluti bókarinnar er lýsing á Íslendingum á kreppuárunum, lífi þeirra og lifnaðarháttum eins og þeir komu Grete fyrir sjónir en hún var alin upp í formfestu danskrar millistéttar. Margir Íslendingar sem eru látnir koma við sögu í bókinni. Árið 1938 fór Grete til Danmerkur til nokkra mánaða dvalar með fjölskyldu sinni en snéri ekki aftur til Íslands og sáust þau Gunnlaugur ekki eftir það. Teikningar í bókinni eru eftir Grete og Gunnlaug. Í bókinni er eftirmáli þýðanda og skrá yfir norræna listamenn sem nefndir eru í bókinni. Efnisyfirlit er í bókinni.

20. Guðbjörg Jónsdóttir frá Broddanesi. (1929). *Minningar frá bernsku og æskuárum*, 83 bls. Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg.

Guðbjörg Jónsdóttir frá Broddanesi var fædd árið 1871 og lést árið 1952. Bókin fjallar um æskuár Guðrúnar Jónsdóttur á Broddanesi í Strandasýslu og geymir fróðleik um þjóhætti og líf fólks í sveitum í lok 19. aldar á Íslandi. Í bókinni talar Guðbjörg meðal annars um forelda sína, að þau hafi veri góð við fátækt fólk og börn sem dvöldu hjá þeim einnig að þau hafi verið með eindæmum hjúasæl. Hún segir frá því þegar Þorsteinn bróðir hennar og fleira fólk druknaði í desember árið 1877 og lýsir sorginni sem hún og fólkið hennar upplifði. Í bókinni eru tvær stökur eftir Jón Þórðarson skáld.



21. Guðbjörg Jónsdóttir frá Broddanesi. (1943). *Gamlar glæður: Þættir úr daglegur lífi á Ströndum á síðari hluta 19. aldar*, 282 bls. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja h.f.

Guðbjörg tileinkar bókina Tryggva Þórhallssyni fræðimanni. Í formála segir Guðrún að henni sé ljúft að fræða börn og unglunga um það hvernig umhorfs var á æskudögum hennar á seinni hluta 19. aldar. Flestir kaflarnir í bókinni segja frá ættingjum, vinum og sveitungum. Í einum kaflanum segir hún frá slysi þegar Þorsteinn bróðir hennar og fleira fólk drukkna. Hún fjallar um kaupstaðuferðir, brúðkaupsveislur, jólin, skemmtanir og bókalestur og heimilishætti. Einnig er einn kaflinn um Helga fróða og aðra gesti. Helgi Hjörvar bjó bókina til prentunnar og skrifar eftirmála í bókina. Efnisyfirlit er í bókinni.

22. Guðbjörg Jónsdóttir frá Broddanesi. (1952). *Við sólarlag*, 208 bls., Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja h.f.

Í formála bókarinnar sem Torfi Guðbrandsson ritaði kemur fram að þegar Guðbjörg samdi þessa bók var hún orðin rúmlega áttæð og blind. Áður höfðu komið út tvær bækur eftir Guðbjörgu. Einnig kemur fram í formála að þessi bók átti sér fáar hliðstæður í íslenskum ritverkum, hvað orðalag snerti og að Guðbjörg hafi ekki þurft á þjálfuðum rithöfundum að halda til þess að færa í stílinn. Torfi Guðbrandsson skrifaði niður eftir minni Guðbjargar en hann var farkennari í sveitinni hennar. Í bókinni er samtíningur um menn og málefni og gamla þjóðhætti frá æskuárum Guðbjargar. Frásögn Guðbjargar er mjög persónuleg. Tveir eftirmálar eru í bókinni, báðir eftir Helga Hjörvar en hann bjó bókina til prentunar. Þar segir Helgi að hann láti orðalag Guðbjargar algjörlega halda sér þar sem frásagnarstíll höfundar er tær og með látlausu alþýðumáli. Hann raðaði niður köflunum og stytta suma þeirra. Fremst í bókinni er ljósmynd af Guðbjörgu ungri.

23. Guðný Jónsdóttir frá Galtafelli. (1973). *Bernskudagar, 120 bls., myndir, teikningar*. Reykjavík: Helgafell.

Guðný Jónsdóttir var fædd árið 1878 og lést árið 1975. Þegar Guðný skrifaði þessa bók var hún orðin níutíu og fimm ára gömul. Í bókinni eru bernskuminningar frá heimili hennar að Galtalæk en það var mikið menningarheimili. Hún segir frá hífylum og umhverfi Galtafells og frá leikföngum barna á þessum tíma. Í bókinni eru kaflar um bræður hennar hvern fyrir sig en þeir voru Einar Jónsson myndhöggvari, Bjarni Jónsson forstjóri Nýja Bíós og Jakob Jónsson sem var elstur þeirra systkina. Einnig er kafli um foreldra hennar. Guðný segir meðal annars frá jólum, kvöldvökum, Jónsmessuferð, réttum og frá ferð í Þjórsárdalinn. Í bókinni er mynd af málverki eftir Einar Jónsson bróður Guðnýjar af gamla bænum á Galtafelli.

24. Guðrún Borgfjörð. (1947). *Minningar, 209 bls., myndir*. (Agnar Kl. Jónsson gaf út). Reykjavík: Hlaðbúð.

Guðrún Borgfjörð fæddist árið 1856 og lést árið 1930. Í formála segir Guðrún að hún hafði verið hvött af bróður sínum Klemens til að skrifa sjálfsævisögu sína því hana hafði skort kjark til að gera það. Eins segir hún að hún hafi ekki unnið nein stórvirki en hún hafi reynt margt á sinni lífsleið sem að jafnaði kemur ekki fyrir fátækar alþýðustúlkur. Í eftirmála sem Agnar Kl. Jónsson, bróðursonur Guðrúnar skrifar, kemur fram að bókin segir frá æsku- og uppvaxtaráum Guðrúnar Borgfjörð á Akureyri og í Reykjavík. Einnig kemur fram í eftirmála að í bókinni er lýsing á heimili Sigurðar Guðmundssonar málara. Guðrún segir frá vanheilsu sinni því að á uppvaxtaráum sínum þjáðist hún af andateppu sem átti eftir að þjaka hana alla ævi. Meðal annars segir hún frá för sinni til Danmerkur til að reyna að fá lækningu sem gagnaði lítið. Hún segir frá Þjóðhátíðinni 1874, bæjarbrag og skemmtunum í Reykjavík og frá mönnum og byggð í Reykjavík. Í bókinni er skýringaskrá eftir Agnar þar sem hann getur um ýmislegt fólk og atburði sem er horfið og gleymt. Einnig er í bókinni nafnaskrá eftir Agnar. Í bókinni er efnisyfirlit.

25. Guðrún Friðfinnsdóttir. (1995). *Minningar Guðrúnar Friðfinnsdóttur húsfreyju á Böggviðsstöðum (Valgerður Magnúsdóttir tók saman)*, 37 bls. Akureyri

Guðrún Friðfinnsdóttir var fædd árið 1886 og lést árið 1984. Þetta hefti tók Valgerður Magnúsdóttir barnabarn Guðrúnar saman eftir lát hennar í tilefni af ættamóti sem haldið var í ætt Guðrúnar sumarið 1995. Guðrún fékkst við ritstörf allt fram á níráðisaldur. Þessi litla bók skiptist í fimm aðalkafla með mörgum undirköflum. Guðrún fjallar meðal annars um búskap á Grund í Þorvaldsdal, búskaparhætti á þessum tíma, um nágranna í Þorvaldsdal, barnafræðslu og hún lýsir móður sinni og hvernig dauða hennar bar að garði. Síðan talar hún um bernskulok á Böggviðsstöðum, heimilishagi þar, um taugaveiki og um fermingu sína. Að lokum segir hún frá því þegar hún heimsækir Þorvaldsdal aftur. Ein mynd af Guðrúnu er í heftinu og einnig er efnisyfirlit.

26. Guðrún Friðgeirsdóttir. (2002). *Norðanstúlka: Bernskusaga, 153 bls., myndir*. Reykjavík: Höfundur.

Guðrún Friðgeirsdóttir var fædd árið 1930 og er með meistarapróf í ráðgjafasálfræði. Bókina tileinkar Guðrún börnum sínum og er þetta bernskusaga hennar. Sagan hefst í kreppunni árið 1934 þegar Guðrún er fjögurra ára og flyst til Húsavíkur og endar á sumarlangri dvöl hennar í vist hjá fínu fólki í Reykjavík í lok síðari heimsstyrjaldar. Hún segir frá uppvexti sínum í Hliðskjálfi á Húsavík, sveitastörfum í Kelduhverfi, ógnum stríðsins og þegar hún dvaldi með móður sinni sumarlangt á Hólum í Hjaltadal sumarið 1942. Guðrún segir að árin hennar í Hliðskjálfi hafi verið björtustu bernskuár hennar. Guðrún man ekki eftir föður sínum en hann dó rétt áður en hún fluttist til Húsavíkur. Bókin segir frá lífi alþýðufólks á miklu umbrotaskeiði í íslensku þjóðfélagi. Í bókinni er formáli og efnisyfirlit.

27. Guðrún Guðjónsdóttir. (1990). *Hús og fólk, 275 bls*. Dánarbú Guðrúna Guðjónsdóttur: Reykjavík.

Guðrún Guðjónsdóttir fæddist árið 1903 og lést árið 1989. Guðrún Guðjónsdóttir skrifar í þessari bók um bernsku- og æskustöðvar sínar í Þingholtunum í Reykjavík.

Í aðfararorðum höfundar segir hún að í upphafi hafi hún eingöngu ætlað að skrifa um þau hús í Reykjavík sem foreldrar hennar höfðu búið í og um fólkið sem bjó í þeim húsum. En síðan breiddi frásögnin úr sér og áður en hún vissi af var hún farin að skrifa um fólk sem hún þekkti minna. Guðrún byrjar á að fjalla um foreldra sína og rekur ættir þeirra. Síðan segir hún frá fólkinu í húsunum og rekur um leið ættir þess. Hún segir meðal annars frá vinnustað sínum í Reykjavík og frá fólkinu sem hún vann með. Hún segir frá leikjum og húsgögnum á æskuárum sínum. Í bókinni er formáli sem Hreggviður Stefánsson, sonur Guðrúnar skrifar. Efnisyfirlit er í bókinni.

28. Guðrún Guðmundsdóttir frá Melgerði. (1962). *Endurskin, 15, [1] bls.* Reykjavík: Prentsmiðja Jóns Helgasonar.

Guðrún Guðmundsdóttir var fædd árið 1889 og lést árið 1982. Bókin heitir *Endurskin* eins og eitt ljóðanna sem Guðrún samdi og er í bókinni. Guðrún byrjar á að segja frá því í fyrsta kaflanum þegar hún var mikið veik á sjúkrahúsi og maðurinn hennar veiktist og dó. Í ljós kemur að Guðrún er mjög trúuð og hún notar trúna til að takast á við sorgina. Í þessari litlu bók eru nokkur ljóð eftir Guðrúnu og er trúin aðalrykisefnið. Einnig fjallar hún um smáfuglana sína og um hvað lífið sé gott.

29. Guðrún Guðmundsdóttir. (1975). *Minningar úr Hornafirði, með skýringargreinum og bókarauka eftir Vilmund Jónsson landlækni, 170 bls., myndir.* Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Guðrún Guðmundsdóttir var fædd árið 1863 og lést árið 1946. Bókin skiptist í tvo aðalkafla *Bernskuminningar úr Hornafirði* og *Hornfiskar sagnir*. Í kaflanum *Bernskuminningar úr Hornafirði* fjallar Guðrún meðal annars um ættir foreldrar sinnar, húsakynni, veiðiskap, garðrækt, hjú og heimilisstörf og bræðralát. Kaflinn *Hornfiskar sagnir* hefur að geyma 60 sagnir frá Hornafirði. Í formála segir Vilmundur Jónsson landlæknir sonur Guðrúnar að ef hann hefði gefið sér betri tíma til að hvetja móður sína við upprifjun á þessum minningum hefði hún léttilega geta skráð 300 slíkar sagnir. Einnig segir Vilmundur frá sérkennilegum talshætti og orðskviði móður sinnar. Meðal sagna í bók Guðrúnar eru til dæmis *Húslestur í*

*fjósbaðstofu, Steinn á Stokknesi og Davíð konungur og Rauðsbergs-Rauður.* Í bókinni eru tveir frásöguhættir *Maddama Guðný* og *Flust búferlum úr Hornafirði til Seyðisfjarðar vorið 1890*. Einnig er í bókinni örnafnauppdráttur af Bjarnaneshverfi og Skóey. Það er nafnaskrá og efnisyfirlit í bókinni. Þórhallur Vilmundarson barnabarn Guðrúnar sá um útgáfu á bókinni.

30. Gunnþórunn Sveinsdóttir frá Mælifellsá. (1957). *Gleym-mér-ei: Minningar og ljóð, 112 bls., myndir*. Reykjavík: Hersilísa Sveinsdóttir.

Gunnþórunn Sveinsdóttir var fædd árið 1885 og lést árið 1970. Í formálsorðum segir Gunnþórunn að hún sé ekki skólagengin en að hörð lífsbarátta hafi kennt henni margan sannleikann um lífið. Í upphafi bókarinnar fjallar Guðrún um foreldra sína og æskuslóðir. Síðan segir hún frá heimili sínu að Mælifellsá, bernskuleikjum, nágrönnum og veru sinni á Siglufirði sem kaupakona. Hún segir frá því þegar hún festir kaup á gömlu húsi þar sem faðir hennar setti síðan upp verslun sem hún tók svo við eftir hans daga. Inn á milli kaflanna eru vísur eftir Guðrúnu og bókin endar síðan á ljóðum hennar. Efni ljóðanna er fjölbreytt það eru ljóð um meðal annars sumardaginn fyrsta, heyannir, Mælifellshnjúk, foreldra hennar og hestavísur.

31. Gyða Thorlacius. (1947). *Endurminningar frá Gyðu Thorlacius frá dvöl hennar á Íslandi 1801-1815 (Sigurjón Jónsson læknir sneri á íslensku). 151 bls., teikningar*. Reykjavík: Ísafoldarverksmiðja h.f.

Gyða Thorlacius fæddist árið 1782 og lést árið 1861. Gyða Thorlacius var dönsk og giftist Þórði Thorlacius lögfræðingi sem var hálfíslenskur og síðar sýslumaður í Suður-Múlasýslu. Í þessari bók eru endurminningar Frú Gyðu frá þeim fjórtán árum sem hún bjó á Íslandi. Í formála fyrstu útgáfu bókarinnar árið 1845 segir J. Viktor Bloch að Gyða hafi ritað þessar endurminningar sínar um 1840 eða tuttugu og fimm árum eftir dvöl sína á Íslandi. Einnig kemur fram að í bókinni segi Gyða frá heimilislífi, störfum, gleði og sorgum þeirra hjóna. Hún segir frá tilraun sinni til að rækta grænmeti á Eskifirði og frá þrjónaskap sínum. Einnig segir Gyða frá misheppnaðri valdabaráttu Jörundar hundadagakonungs. Síðustu tvö árin þeirra hjóna á Íslandi var Þórður sýslumaður í Árnassýslu. Bókin var gefin fyrst út í Danmörku árið 1930 og er titill bókarinnar á frummáli *Fru Gytha Thorlacius'*

*erindringer fra Island i aarene 1801-1815*. Bókin er ekki kaflaskipt en er með mannanafnaaskrá.

32. Halla Guðmundsdóttir Linker. (1987). *Uppgjör konu: Endurminningar, 291 bls., myndir*. Reykjavík: Iðunn.

Halla Linker var fædd árið 1930. Saga Höllu hefst á því að henni er tilkynnt um lát eiginmanns síns til tuttugu og átta ára Hal Linkers. Í formála segir Halla að Hal hafi verið ráðríkur og stjórnað henni öll þessi ár og að mikið hafi verið um hana skrifað í gegnum árin þar sem yfirborðið kom bara fram. Með þessari sjálfsævisögu segi hún sína sögu eins og hún raunverulega var og dragi ekkert undan. Hún segir frá því hvernig hún þurfti að standa allt í einu ein og óstudd og læra að umgangast karlmenn og kynnast því að verða ástfangin. Eins og Halla sjálf segir er saga hennar engin harmsaga heldur upplifir hún hvert ævintýrið á fætur öðru, til dæmis að umgangast bæði hausaveiðara og Hollywoodleikara. Bókin skiptist í þrjá aðalkafla sem eru *Uppvaxtarár Höllu*, *Hjónabandsár* og *Þroskaskeið*. Í kaflanum *Uppvaxtarár* segir hún meðal annars frá uppruna sínum, bróður sínum og hernámi. Í kaflanum *Hjónabandsár* segir hún frá hjónabandi sínu og Hals Linkers, fæðingu sonar þeirra Davíðs og frá fyrirlestrarferðum í Bandaríkjunum. Í kaflanum *Þroskaskeið* segir hún frá því þegar hún er með þrjá karlmenn í takinu, veiðiferð og veikindum og hvernig hún losnar úr álögum. Í bókinni er efnisyfirlit.

33. Halldóra B. Björnsson. (1955). *Eitt er það land, 139 bls., teikningar (Barbara Árnason)*. Reykjavík: Hlaðbúð.

Halldóra B. Björnsson fæddist árið 1907 og lést árið 1968. Í þessari bók fjallar Halldóra um bernsku- og æskuminningar sínar séðar með augum barnsins. Bókin er kaflaskipt og byrjar á kaflanum *Inngangur í nútíð*. Síðan koma meðal annars kaflar eins og *Í þykjastmannalandi*, *Bókaramennt*, *Sköpun heimsins*, *Afabær* og *Haustmorgun*. Í bókinni er efnisyfirlit.

34. Heba Jónsdóttir. (1989). *Sendiherrafrúin segir frá, 294 bls., myndir.* Reykjavík: Skjaldborg.

Heba Jónsdóttir var fædd árið 1933 og lést árið 1992. Heba Jónsdóttir var prestsdóttir vestan af fjörðum og þegar hún var barn missti hún föður sinn í sjóslysi. Hún elst upp í Reykjavík og lauk Verslunarskólaprófi og fór svo í framhaldsnám til Sviss. Heba starfaði sem flugfreyja þangað til hún giftist Tómasi Á. Tómassyni sem varð síðar sendiherra. Hún segir frá erfiðu hjónabandi þeirra og árunum þegar hún var sendiherrafrú í París, Moskvu, Brüssel og Reykjavík. Heba fjallar um ótrúlegan heim utanríkisþjónustunnar á Íslandi. Að lokum lýsir hún svæsnum málaferlum í skilnaði þeirra hjóna. Efnisyfirlit er í bókinni.

35. Helga Jónasardóttir frá Hólabaki (1960). *Þar sem háir hólar: Fáeinarnskuminningar, 133 bls.* Reykjavík: Leiftur.

Helga Jónasardóttir frá Hólabaki var fædd 1907 og lést 1969. Hún helgar bókina minningu látinnar systur sinnar Ingibjargar Jónasdóttur. Í formála sem Freysteinn Gunnarsson skrifar í bókina segir hann að höfundur fjalli um áttugana, bernskuminningar, viðhorf sitt til dýra, manna og til þeirra sem voru umkomulausir. Helga segir frá skáldunum sem fegurst kváðu eins og Jónasi Hallgrímssyni og Þorsteini Erlingssyni. Fremst í bókinni er mynd af Helgu. Efnisyfirlit er í bókinni.

36. Helga Thorberg (2010). *Loksins sexbomba á sextugsaldri, 238 bls., myndir.* Reykjavík: Sumarhúsið og garðurinn.

Helga Thorberg er fædd árið 1950. Helga er menntuð leikkona og rak um árabíl blómabúð í miðbæ Reykjavíkur. Hún tók sig til árið 2008 og hélt af stað til Dóminíska lýðveldisins. Hún var hér um bil búin að láta kóngulóarfóbíu koma í veg fyrir að hún færi. En hún fór og hennar biðu ótrúleg og spennandi ævintýri. Þar voru allt önnur lífsviðhorf sem hún kundi ekki á. Hún fór í sjálfsskoðun og reyndi að aðlagast þessu nýja samfélagi. Hún upplifði það að hún vakti athygli karlmannna á hverju götuhorni. Helga segir meðal annars frá því þegar hún var á líkvöku, fór í bátsferð og barferð á fjórum fótum, fór í páskamessu og þegar hún eignaðist

kærasta. Hún segir frá konum og tísku, hanaslagi, gleðikonum og innmati á snúru, Haíta messu og það að vera kynbomba á sextugsaldri. Efnisyfirlit er í bókinni.

37. Hlín Agnarsdóttir (2003). *Að láta lífið rætast: Í minningu Þorvalds Ragnarssonar 1953-1998, 151 bls.* Reykjavík: Salka.

Hlín Agnarsdóttir fæddist árið 1953. Í bókinni segir Hlín frá sextán ára sambúð með Þorvaldi Ragnarssyni sem var alkóhólisti. Hún sýnir hvernig líf aðstandandans er og hvernig fíknin smitar út frá sér og brýtur niður aðstandendur. Í bókinni er listi yfir efni, verk og bækur sem skiptu máli á ritunartímanum.

